



BALDUR - KÓPAVOGI

Herra Forseti Íslands
dr. Ólafur Ragnar Grímsson

Áskorun

Stjórn Sjálfstæðisfélagsins Baldurs í Kópavogi skorar á forseta Íslands að standa með hagsmunum þjóðar sinnar og undirrita ekki hin nýsamþykktu lög Alþingis sem almennt ganga undir nafninu „IceSave III“ og vísa þeim þar með til úrskurðar íslensku þjóðarinnar á nýjan leik.

Það hefur verið fullyrt að „IceSave III“ lögin séu hagstæðari en fyrri lög um sama efni. Á það skal bent að höfuðstóll kröfunnar mun enn vera sá sami og fyrir en vextirnir örlítið hagstæðari. Því felst enn geysileg fjárhagsleg áhætta í samningnum fyrir skattgreiðendur, enda er ekki á vísan að róa með söluvirði eigna þrotabús Landsbankans né heldur gengisþróun gjaldmiðils okkar ekki hvað síst.

Sömuleiðis skal á það bent að lög þessi standast að líkindum ekki 77. grein stjórnarskrárinnar. Þegar krafan varð til var engin heimild í lögum fyrir slíkri skattlagningu sem hér er ráðgerð vegna þessa, enda er krafan ólögvarin að Íslenskum sem erlendum lögum.

Mikil ánægja hlaust hérlendis af orðum forsetans í erlendum fjölmiðlum þar sem hann sagði sem svo að á Íslandi væri öflugt lýðræði og að hann hefði tryggt þjóðinni síðasta orðið um stærstu skuldbindingu í sögu sinni. Þessi orð forsetans tekur stjórn Baldurs heils hugar undir, enda hlýtur það að vera eðlileg krafa í ljósi ferils þessa samnings, að almenningur í landinu fái að fella sinn dóm um hin nýsamþykktu óstaðfestu lög. Við minnumst því með hlýhug atkvæða 30 Alþingismanna sem greiddu því atkvæði að „IceSave III“ yrði lagt í þjóðaratkvæði - sem er fullkomlega eðlilegt í ljósi fyrra þjóðaratkvæðis um málið.

Íslandi allt.

Kópavogi, 17. febrúar 2011

Stjórn Baldurs,
eins félags Sjálfstæðismanna í Kópavogi